



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Unnur á aldraða foreldra. Móðir hennar er með alheimers og er komin inn á hjúkrunarheimili en pabbi hennar býr ennþá heima.

Heilsu hans hefur verið að hraka undanfarið og Unnur hefur þurft að sinna honum mikið. Hún er nánast að halda úti tveimur heimilum. Hún verklar inn fyrir hann, eldar ofan í hann og hefur séð um þrífín. Nú hefur hann loksins fengið meiri þjónustu frá sveitarfélaginu og nú er þrifið hjá honum 1x í viku og nú á að fara að baða hann líka 1x í viku.

Unnur fer reglulega með honum til læknis og stundum þarf að fara til sérfræðings í Reykjavík. Einnig er hann í endurhæfingu 1x í viku.

Henni finnst hún vera ein með alla ábyrgðina á sínum herðum og henni finnst hún fá litla hjálp frá systkinum sínum.

Er oft þreytt í vinnunni og á erfitt með að einbeita sér að verkefnum.

Finnur einnig fyrir leiða og þirring út í fjölskylduna sína þar sem henni finnst hún vera mjög mikið ein að sinna öllu og hafa áhyggjur.

UNNUR

LAUNAFULLTRÚI

ALDUR 57

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Íslensk

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Gift, á þrjú uppkomin börn og átta barnabörn. Á aldraða foreldra. Býr út á landi.

STARF/FERILL Launafulltrúi hjá meðal stóru fyrirtæki. Hefur starfað þar í þónokkur ár.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Er þreytt, á erfitt með að einbeita sér að verkefnum. Hún finnur líka fyrir þirring bæði í vinnunni og heima.
- Henni finnst stundum ósanngjarnt þegar vinnufélagarnir eru mikið frá, t.d. vegna veikinda barna eða einhvers sem er að gerast hjá börnunum.
- Hún upplifir ekki sama sveigjanleika hjá sér í tengslum við foreldra sína.
- Kvíðir því að taka samtalið við yfirmann sinn um meiri sveigjanleika þar sem hún þarf að sinna föður sínum meira og ná að hvíla sig.
- Henni finnst hún vera að brenna út.

HVATNING

- Langar að standa sig betur í vinnunni og finnur að hún er ekki að ná að skila eins miklu af sér og áður.
- Langar að bæta sig aftur.
- Dreymir um að verða orkumeiri aftur.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Unnur hefur alltaf verið mjög dugleg í vinnunni og hefur lítið þurft að vera frá vegna veikinda.
- Þar sem hún er með uppkomin börn þá er hún ekki að taka veikindi barna eins og margir sem vinna með henni.

Spurningar stjórnanda

- Get ég komið til móts við hana – getur hún unnið meira heima? Fjarvinna?
- Get ég sett það fordæmi að skrá á hana launað leyfi x klst í viku?
- Hvernig get ég undið ofan af þirringnum sem er búinn að myndast í hópnum?

Spurningar samstarfsfólks

- Af hverju ætli Unnur sé svona þirruð undanfarið?
- Ætli það sé eitthvað erfitt í gangi hjá henni?
- Af hverju þarf hún stöðugt að fussa og sveia þegar við erum að ræða skrepp vegna foreldraviðtala og annað tengt krökkunum? Hún mátti þetta þegar hún var með ung börn.



Spurningar einstaklingsins

- Af hverju er ekki leyft að sinna veikindum foreldra eða umönnun eins og veikindum barna, x klst á ári?
- Ætti ég að minnka við mig til að sinna þeim betur?
- Hvaða réttindi get ég nýtt mér?

Spurningar stefnumótenda

- Getum við verið sveigjanlegri gagnvart starfsfólki sem er að annast aldraða foreldra?
- Hvaða mörk yrðum við að setja?
- Er okkur stætt að fara umfram gildandi kjarasamninga?
- Hvað myndi það kosta fyrirtækið?
- Stjórnvöld: Umönnun aldraðra. Hvaða áhrif hefur þetta á einstaklinga?